

Leiðsögn - trúnaðarráðsfundur kl. 21, 5. mars 2025

Fundurinn var fjarfundur.

Mætt á fundinn:

Halldór Kolbeins , Hildur Bjarnason , Kári Jónasson , Bergur Álfþórsson , Björn Júlíus Grímsson , Guðbjörn Guðbjörnsson , Þorsteinn McKinstrey , Hildur Þöll Ágústsdóttir , Bryndís Kristjánsdóttir , Jens Ruminy , Örvar Már Kristinsson .

Fundur er settur 21:06

**Fundarefni :**

Breytingar á samningi Leiðsagnar og VR: 7. grein og 2. grein.

Skipun í kjörnefnd

Sjúkrasjóður , fyrirspurn um hvort hægt sé að greiða afturvirk

Erindi frá Sigrúnu Pálsdóttur

### **VR- Leiðsögn samningur, breytingar**

Tvær meginbreytingar hafa verið gerðar frá samningnum 2024. **2. gr:** Inn í samninginn hefur verið er sett að félagar í Leiðsögn fái aðgang að orlofshúsum VR við sameiningu, ef af verður, í stað þess að bíða þurfi til næstu kjarasamninga. Prósentutölu vegna sjúkrasjóðs var breytt til að gera þetta mögulegt.

Síðari breytingin snýr að 7. gr. en þar er sett inn ákvæði um bindandi allsherjaratkvæðagreiðslu vegna sameiningar. Þetta er sett inn að beiðni VR. Fyrirhugað er að atkvæðagreiðsla, skv. þessu, fari fram 17. til 24. mars n.k. og að hún fari fram rafrænt á vefnum.

Samningur og breytingar samþykktar einróma.

### **Kjörstjórn**

ASÍ var fengið til að skipa kjörstjórn og var hún samþykkt einróma.

Í kjörnefnd eru :

Halldór Oddson formaður

Karen Ósk Nielsen

Saga Kjartansdóttir

### **Erindi frá Sigrúnu Pálsdóttur félagsmanni**

Rætt um erindið þar sem gerðar eru athugasemdir varðandi síðasta félagsfund. Athugasemdir gerðar við orðfæri félagsmanns sem kom upp í pontu og að fundarstjóri hefði leyft við komandi að tala lengi. Ákveðið að veita félagsmanninum og fundarstjóra að fá andmælarétt í 2 vikur og í kjölfarið verður erindið tekið efnislegrar meðferðar.

Í ljósi kvörtunar á fundarstjórn var ákveðið að leita að fundarstjóra utan félagsmanna og hefur verið bent á hjá Junior Chamber megi fá reynda fundarstjóra. Fundurinn er samþykktur því.

Í framhaldi af umræðu um erindi Sigrúnar Pálsdóttur óskaði Jens eftir að fá orðið. Hann upplýsti fundinn um að hann hefur ekki haft aðgang að reikningum Sjúkrasjóðs vegna þess að hann hafi ekki fengið prókúru í sjóðnum fyrr en 17. febrúar 2025. Ástæða þess er að Guðný Margrét Emilsdóttir, f.v. gjaldkeri Leiðsagnar, skrifaði ekki undir prókúru fyrr en í byrjun október 2024 og Sigrún Pálsdóttir, sem á sæti í stjórn Sjúkrasjóðs, skrifaði ekki undir prókúru til handa Jens, núverandi gjaldkera, fyrr en í febrúar s.l. en Jens var kosinn gjaldkeri í apríl 2024. Jens hafði margítrekað að gengið yrði frá prókúrunni en umræddar félagskonur drógu það í 10 mánuði og þegar það var loks komið í gegn sá hann að fyrrverandi gjaldkeri, Guðný Margrét var þá ennþá með prókúru fyrir Sjúkrasjóð, sem Jens lét strax draga til baka.

### **Sjúkrasjóður**

Varðandi fyrirspurn um greiðslu afturvirk't í sjúkrasjóð var afgreiðslu frestað þar sem frekari upplýsingar vantar.

Dagskrá fundar var þar með tæmd og komið að fundarslitum. Örvar upplýsti þá að hann hefði séð tvo tölvupósta frá Guðnýju Margréti, tímasetta kl. 21:14 og 21:16 þar sem hún segðist ekki ná að tengjast fundinum. Halldór upplýsti að hann hefði ekki séð beiðni frá henni í kerfinum um að komast inn.

Fundi slitið 21:20

Fundarritari: Hildur Þöll Ágústsdóttir